



Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 5. september 2011, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Egill Sigurgeirsson varaformaður og Herdís Erna Matthíasdóttir. Einnig sat fundinn Bogi Kristinsson skipulags – og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Sveinn Ragnarsson formaður boðaði seinkun.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Varaformaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1102006 – Aðalskipulagsbreyting vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi.

- a. Frummatsskýrsla um vegagerð á Vestfjarðarvegi milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði, send til umsagnar frá Skipulagsstofnun, erindi dagsett 21. júlí 2011.

Skipulagsnefnd samþykkir framkomnar athugasemdir Skipulagsstofnunar og hefur gögnum verið breytt til samræmis við ábendingar stofnunarinnar. Samþykkt samhljóða.

- b. Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 -2018 og deiliskipulag fyrir Vestfjarðarveg, umsögn frá Fornleifavernd ríkisins dagsett 9. ágúst 2011.

Nefndin hefur farið yfir umsögnina.

- c. Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps, afgreiðsla byggingafulltrúa Vesturbyggðar á umsagnarbeiðni dagsett 25. ágúst 2011.

Nefndin hefur farið yfir umsögnina.

- d. Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps og deiliskipulag fyrir Vestfjarðarveg, umsögn Breiðafjarðarnefndar dagsett 17. ágúst 2011.

Nefndin hefur farið yfir umsögnina.

Sveinn Ragnarsson formaður mætir 10.45 og tekur við fundarstjórn.

2. 1106001 – Deiliskipulag milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði.

Skipulagsnefnd samþykkir að deiliskipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu verði auglýst samkvæmt skipulagslögum. Samþykkt samhljóða.

3. 1102005– Tröllendi deiliskipulag.

Skipulagsnefnd samþykkir að deiliskipulagstillagan verði auglýst. Samþykkt samhljóða.

4. 1106006– Þórisstaðir 139699, Þórisstaðir lóð 1 139700, deiliskipulag.

Nýtt deiliskipulag vegna Þórisstaða kallar á aðalskipulagsbreytingu. Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti að farið verði í gerð breytingar á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018. Gerður verði samningur við Þórisstaðafélagið um kostnað samkvæmt skipulaglægum. Samþykkt samhljóða.

5. 1108037 – Litlanes 139638, stofnun nýrrar lóðar Litlanes 2, landnr. 220403.

Umsókn Rósu Ívarsdóttur dagsett 14. ágúst 2011.

Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti stofnun fasteignarinnar, með fyrirvara um samþykki Fornleifaverndar og Vegagerðar ríkisins og Umhverfissráðuneytisins. Samþykkt samhljóða.

6. 1108030 – Hellisbraut 18 212-2741, byggingaleyfi.

Umsókn um endurnýjun á byggingarleyfi fyrir bílskúr. Erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni móttekið í ágúst 2011,

Nefndin samþykkir umsóknina með fyrirvara um að kröfur um brunavarnir á milli húsa verði uppfylltar.

7. 1108031 – Gufudalsland 6 219796, byggingaleyfi.

Umsókn um byggingu íbúðarhúss. Erindi frá Styrmi Sæmundssyni móttekið í ágúst 2011.

Farið yfir umsókn, nefndin samþykkir umsóknina, með fyrirvara um að umsækjandi verði þinglýstur eigandi lóðar áður en framkvæmdir hefjast. Samþykkt samhljóða.

8. 1108043 – Leiðsögn um frágang og staðsetningu á olíutönkum í Flatey.

Erindi frá Guðmundi Páli Ólafssyni dagsett 24. ágúst 2011.

Byggingafulltrúi er að útbúa leiðbeiningar í samráði við heilbrigðisfulltrúa og Mannvirkjastofnun og verða þær birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.

9. 1108016- Staðardagskrá 21

Afgreiðsla hreppsnefndar frá 327. fundi.

Tillaga um að Herdís Erna Matthíasdóttir verði fulltrúi skipulagsnefndar í hóp um Staðardagskrá í Reykhólahreppi. Samþykkt.

Mál til kynningar:

10. 1106004 – Embætti skipulags- og byggingarfulltrúa.

Bókun frá fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 10 ágúst s.l., sent af sveitarstjóra Dalabyggðar 12. ágúst 2011.

Drög að samningi um byggðasamlag og drög að samþykktum um byggðasamlag lagt fram til kynningar ásamt bókun Dalabyggðar.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12:20
